

SÖNGBÓK HÖRPU

*Ragga Gísla og Halldór Gunnar
láta Hörpu hljóma með gestum
Menningarnætur*



Manstu ekki eftir mér?

Lag: Ragnhildur Gísladóttir, texti: Þórður Árnason

Ég er á vestur leiðinni,
á háheiðinni.
Á hundrað og tíu,
ég má ekki verða of seinn.

Það verður fagnaður mikill vegna opunar,
fluggrillsjoppunnar.
Svo ég fór, og pantaði borð fyrir einn.

Ég frestaði stöðugt að fá mér starf,
síðan síldin hvarf.
Enda svolítið latur til vinnu
en hef það samt gott.

Konurnar fíla það mæta vel,
allflestar að ég tel
ég er og verð bóhem og þeim finnst það flott.

Manst' ekki eftir mér?
Mikið líturðu vel út beibí frábært hár.
Manst' ekki eftir mér?
Hvar ertu búin að vera öll þessi ár?

Ég hef nokkurn lúmskan grun um að,
ein gömul vinkona
geri sér ferð þangað líka.
Ég veit hvað ég syng.

Hún er svo til á sama aldri og ég,
asskoti hugguleg
og svo er, hún á hraðri leið inn á þing.

Manst' ekki eftir mér?
Mikið líturðu vel út beibí frábært hár.
Manst' ekki eftir mér?
Hvar ertu búin að vera öll þessi ár?

Ég er á vestur leiðinni,
á háheiðinni.
Á hundrað og tíu,
ég má ekki verða of seinn. O - Ó.

Það verður fagnaður mikill vegna opunar,
fluggrillsjoppunnar.
Svo ég fór, og pantaði borð fyrir einn.

Manst' ekki eftir mér?
Mikið líturðu vel út beibí frábært hár.
Manst' ekki eftir mér?
Hvar ertu búin að vera öll þessi ár?
(endurtekið)

Draumaprinsinn

Lag og texti: Magnús Eiríksson

Í mannfjöldanum geng ég ein
og þekki ekki neinn,
Þúsundir bíla þjóta hjá,
þegar tilveran er grá.

Á ball um þessa helgi margur
vongóður fer
Með Bakkusi út að skemmta sér,
Kannski skelli ég mér.

Kannski sé ég draumaprinsinn
Benóný á ballinu
hann leggur sterkan arm um minn barm,
og við svífum í eilífðardans,
eilífðardans.

Allir eru að eldast,
missa tennur og hár,
Aldir og ár sem renna í eitt
og mér þykir það leitt.

Vinur, kæri vinur,
viltu elska mig heitt,
Svo skal ég ekki biðja um neitt,
Ekki biðja um neitt.

Kannski sé ég draumaprinsinn
Benjamín á ballinu
hann leggur sterkan arm um minn barm,
og við svífum í eilífðardans,
eilífðardans.

Í mannfjöldanum geng ég ein
og þekki ekki neinn,
Þúsundir bíla þjóta hjá,
þegar tilveran er grá.

Kannski sé ég draumaprinsinn
Benóný á ballinu
hann leggur sterkan arm um minn barm,
og við svífum í eilífðardans,
eilífðardans.

Ekkert mál

Lag og texti: Ragnhildur Gísladóttir

Hvað er svona merkilegt við það, að vera karlmaður? (Er það eitthvað sérstakt?)

Hvað er svona merkilegt við það, að bor' í vegg? (Með Black og Decker?)

Hvað er svona merkilegt við það, að bera áburðarpoka? (Viltu Gericomplex?)

Hvað er svona merkilegt við það, að tak' upp vél?

Að vinn' á lyftara? Ekkert mál

Að vinn' á lyftara? Ekkert mál

Að vinn' á lyftara? Ekkert mál

Að vinn' á lyftara? Ekkert mál

Það er ekkert mál.

Er eitthvað merkilegt við það, að vinn' á skurðgröfu?

Er meiriháttar mál að skipt' um dekk á vörubíl? (Átján hjóla trukkur)

Svo hvað er svona merkilegt við það, að vera karlmaður? (Æ-æ-æ-æ-æ)

Er flott að vera eingöngu á bol, og moka snjó?

Að vera karlmaður? Ekkert mál

Að vera karlmaður? Ekkert mál

Að vera karlmaður? Ekkert mál

Að vera karlmaður? Ekkert mál

Hvað er svona merkilegt við það, að vera karlmaður? (Er það eitthvað sérstakt?)

Hvað er svona merkilegt við það, að bor' í vegg? (Með Black og Decker?)

Hvað er svona merkilegt við það, að bera áburðarpoka? (Viltu Gericomplex?)

Hvað er svona merkilegt við það, að tak' upp vél?

Að ver' á sundskýlu? Ekkert mál

Að ver' á sundskýlu? Ekkert mál

Að ver' á sundskýlu? Ekkert mál

Að ver' á sundskýlu? Ekkert mál

Stingum af

Lag og texti: Mugison

Það er andvökubjart
himinn - kvöldsólarskart,
finnum læk, litla laut,
tínum grös, sjóðum graut
finnum læk, litla laut,
tínum grös, sjóðum graut.

Finum göldróttan hval
og fyndinn sel í smá dal
lækjarnið, lítinn foss,
skeinusár, mömmukoss,
lækjarnið, lítinn foss,
skeinusár, mömmukoss.

Stingum af
í spegilsléttan fjörð.
Stingum af
smá fjölskylduhjörð.
Senn fjúka barnaár
upp í loft, út á sjó,
verðmæt gleðitár,
- elliró, elliró.

Hoppum út í bláinn,
kveðjum stress og skjáinn,
syngjum lag, spilum spil,
þá er gott að vera til,
syngjum lag, spilum spil,
þá er gott að vera til.

Tínum skeljar, fjallagrös,
látum pabba blása úr nös,
við grjótahól í feluleik,
á hleðslu lambasteik,
við grjótahól í feluleik,
á hleðslu lambasteik.

Stingum af
í spegilsléttan fjörð.
Stingum af
smá fjölskylduhjörð
Senn fjúka barnaár
upp í loft, út á sjó,
verðmæt gleðitár,
- elliró, elliró.

Betri tíð

Lag: *Stuðmenn*, Valgeir Guðjónsson, texti: Valgeir Guðjónsson og Þórður Árnason

Sumarið er komið,
svona' á það að vera,
og sólin leikur um mig
algjörlega bera.

Ég sit hér út' í garði,
það sér mig ekki nokkur
ég gleymdi víst að kynna
kallinn minn hann Binna,
það munar sko um minna,
hann er rosakokkur.

Bráðum kemur ekki betri tíð
því betri getur tíðin,
því betri getur tíðin ekki orðið.
Já bráðum kemur ekki betri tíð
þá verður uxahryggjasúpan,
nei sveppahalasúpan
nei uxahryggjahalanefjablómkálssveppasúpan
sett á borðið,
stofuborðið,
borðstofuborðið,
já þarna mundi ég orðið.
A ha, ó hóm, u hu - ohh.

Veturinn var grimmur,
og gaf mér fáa kosti,
svo ógurlega dimmur,
með alltof miklu frosti.
(la, la, la, la, la, la, ohh ohh)

En nú er komið sumar
og sólin bræddi hrímið,
oh, en hvað er ég að hugsa,
nú þarf ég fyrr en varir
að fara að far' í spjarir,
það er matartími.

Bráðum kemur ekki betri tíð
því betri getur tíðin,
því betri getur tíðin ekki orðið.
Bráðum kemur ekki betri tíð
þá verður uxahryggjasúpan,
nei sveppahalasúpan
nei uxahryggjahalanefjablómkálssveppasúpan
stofuborðið,
borðstofuborðið,
já þarna mundi ég orðið.
a ha, ó hóm, u hu - ohh
a ha, ó hóm, u hu - ohh

Bráðum kemur ekki betri tíð
því betri getur tíðin,
því betri getur tíðin ekki orðið.
Oh, ohh, bráðum kemur ekki betri tíð
þá verður uxahryggjasúpan,
nei sveppahalasúpan
nei uxahryggjahalanefjablómkálssveppasúpan
sett á borðið,
stofuborðið,
borðstofuborðið,
þarna mundi ég orðið
a ha, ó hóm, u hu - ohh
a ha, ó hóm, u hu - ohh

Einn, tveir, þrír, fjór:

Bráðum kemur ekki betri tíð
því betri getur tíðin,
því betri getur tíðin ekki orðið.
Já bráðum kemur ekki betri tíð
því betri getur tíðin,
því betri getur tíðin ekki orðið.
Ohh bráðum kemur ekki betri tíð
því betri getur tíðin,
því betri getur tíðin ekki orðið.
Ohh bráðum kemur ekki betri tíð
því betri getur tíðin,
því betri getur tíðin ekki orðið.

Súkkulaði prinsessan

Lag: Ragnhildur Gísladóttir, texti Andrés Indriðason

Því að tennurnar hverfa ein og ein
ef að einungis sætindi ég snæði.
Já mikið af gotti gerir mein
hér mætti vera minna af því fæði.

Sjáðu nú kóngsa hann kátlegur er,
kandísinn bruddi því er ver.
Nú er hann tannlaus, því máttu trúa mér,
og tekur það afar nærri sér.

Það sést varla sála nokkur hér,
úr Sælgætislandi allir fluttu.
Og tóm eru húsin trúði mér,
því tennurnar úr öllum duttu.

Já tannpínupúkinn í tennurnar fer,
og tekur þær úr mér og þér.
Hirðin er tannlaus í höllinni hjá mér,
og hans hátign, því er ver.

Þú komst við hjartað í mér

Lag og texti: Sveinbjörn Bjarki Jónsson, Þorgrímur Haraldsson, Páll Óskar Hjálmtýsson

Og þegar þú komst inn í líf mitt breyttist ég,
þú komst, þú komst við hjartað í mér.
Ég þori að mæta hverju sem er,
þú komst, þú komst við hjartað í mér.

Á diskóbar,
ég dansaði frá sirka tólf til sjö.
Við hittumst þar,
með hjörtun okkar brotin bæði tvö.

Ég var að leita að ást!
ég var að leita að ást!

Og þegar þú komst inn í líf mitt breyttist ég,
þú komst, þú komst við hjartað í mér.
Ég þori að mæta hverju sem er,
þú komst, þú komst við hjartað í mér.

Það er munur á,
að vera einn og vera einmana.
Ég gat ei meir,
var dauðþreyttur á sál og líkama.
Ég var að leita að ást!
ég var að leita að ást!

Og þegar þú komst inn í líf mitt breyttist ég
þú komst, þú komst við hjartað í mér.
Ég þori að mæta hverju sem er,
þú komst, þú komst við hjartað í mér,
ó sem betur fer.

Og sem betur fer og sem betur fer
þá fann ég þig hér.
Og sem betur fer og sem betur fer
þá fann ég þig hér.

Á diskóbar,
ég dansaði frá sirka tólf til sjö.
Við hittumst þar,
með hjörtun okkar brotin bæði tvö.

Ég var að leita að ást!
var að leita að ást!

Og þegar þú komst inn í líf mitt breyttist ég,
þú komst, þú komst við hjartað í mér.
ég þori að mæta hverju sem er,
þú komst, þú komst við hjartað í mér,
ó sem betur fer.

Og sem betur fer og sem betur fer
þá fann ég þig hér.
Og sem betur fer og sem betur fer
þá fann ég þig hér

Sísí fríkar út

Lag: Ragnildur Gísladóttir, texti: Ragnildur Gísladóttir og Grýlurnar

Vo oh oh oh oh oh ohh
(3x)

Í Súsúki e plemerg
Sísí sveimar á Súsúki - vo-oh - vo-oh.
Vo oh oh oh oh oh ohh
segtangseple enedy

voh oh oh,
oh oh oh oh oh oh ohh
oh ho o, oh ho oh,
oh oh oh oh oh ooh ohh
Ó Sísí.
(endurtekið)

Vo oh oh oh oh oh ohh (lactonsjo)
Vo oh oh oh oh oh ohh (eplemení)
Vo oh oh oh oh oh ohh
elegtúsúni súki

Sísí saumar á síðkvöldum - vo-oh - vo-oh.
Vo oh oh oh oh oh ohh -
lesansúldú a mon.

voh oh oh,
oh oh oh oh oh oh ohh
oh ho o, oh ho oh,
oh oh oh oh oh ooh ohh
Ó Sísí.
(endurtekið)

Sísí fríkar út (SÍSí)
Sísí fríkar út (SÍSí)
Sísí fríkar út (SÍSí)
Sísí fríkar út (SÍSí)
(endurtekið)

voh oh oh,
oh oh oh oh oh oh ohh
oh ho o, oh ho oh,
oh oh oh oh oh ooh ohh
Ó Sísí.
(endurtekið)


Ísland er land þitt

Lag: Magnús Þór Sigmundsson, texti: Margrét Jónsdóttir

Ísland er land þitt, og ávallt þú geymir.
Ísland í huga þér, hvar sem þú ferð.
Ísland er landið, sem ungan þig dreymir.
Ísland í vonanna birtu þú sérð.
Ísland í sumarsins algræna skróði,
Ísland með blikandi norðljósatraf.
Ísland, er feðranna afrekum hlúði.
Ísland er foldin, sem lífið þér gaf.

Íslensk er þjóðin, sem arfinn þinn geymir.
Íslensk er tunga þín skír eins og gull.
Íslensk sú lind, sem um æðar þér streymir.
Íslensk er vonin af bjartsýni full.
Íslensk er vornóttin albjört sem dagur.
Íslensk er lundin með karlmennsku þor.
Íslensk er vísan, hinn íslenski bragur.
Íslensk er trúin á frelsisins vor.

Ísland er land þitt, því aldrei skal gleyma.
Íslandi helgar þú krafta og starf.
Íslenska þjóð, þér er ætlað að geyma
íslenska tungu, hinn dýrasta arf.
Ísland sé blessað um aldanna raðir,
íslenska moldin, er lífið þér gaf.
Ísland sé falið þér, eilífi faðir.
Ísland sé frjálst meðan sól gyllir haf.



HARPA